



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um eftirlit með innleiðingu jafnréttisgátlista

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 8. apríl 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Samkvæmt svari skóla- og frístundaráðs, dags. 29. febrúar 2024 (SFS23110141) hafa leikskólastjórnendur „frelsi til að velja þau verkfæri sem þeir telja best til þess fallin til að ná markmiðum og til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar út frá lögum, stefnum og reglugerðum“ og í því felst væntanlega meðal annars að stjórnendur hafa svigrúm til að útfæra hvernig taka eigi tillit til jafnréttisgátlista sem Jafnréttisskóli Reykjavíkurborgar sendi út til stjórnenda leikskólanna haustið 2023. Með hliðsjón af þessu er spurt hvernig eftirliti sé háttáð með því hvernig stjórnendur leikskóla innleiða efni jafnréttisgátlista af þessu tagi? Er sem dæmi farið í vettvangsheimsóknir í leikskóla til að kanna „hvort öll svæði leikskólans séu kynjahlutlaus“ og „púsluspil leikskólans séu laus við staðalmyndir?“

Svar:

Leikskólastjórnendur Reykjavíkurborgar hafa faglegt frelsi til að velja þau verkfæri sem þeir telja nýtast best til að ná markmiðum og til að uppfylla þær kröfur sem til starfseminnar eru gerðar skv. lögum og reglugerðum, eins og fram kom í fyrra svari. Jafnréttisgátlistinn er ekki innleiddur í leikskólana heldur stendur hann stjórnendum til boða ásamt öðru stuðningsefni. Stjórnendur geta valið að nýta aðrar leiðir og önnur verkfæri í sama tilgangi ef þeir kjósa það fremur en gátlistann. Þar sem hvorki er um innleiðingu á jafnréttisgátlista að ræða né er stjórnendum skylt að styðjast við hann, þá á eftirlit af hálfu skrifstofunnar eða Jafnréttisskólans ekki við. Stjórnendur geta þó ávallt leitað til Jafnréttisskólans ef þeir óska eftir ráðgjöf, stuðningi eða fræðslu um jafnréttismál.